



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

HAGSTOFA ÍSLANDS

LEIGUHÚSNÆÐI

SKILAGREIN

SEPTEMBER 2012



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1 UPPHAF VERKEFNIS	3
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN	3
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	3
4 LEIGUSAMNINGUR	4
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI	4
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT	4
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	4
8 VERKLOK	4
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR	4

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leiguhúsnæði.

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið Hagstofa Íslands, leiguhúsnæði, var unnið að beiðni fjármálaráðuneytisins og barst FSR í desember 2011.

Verkefnið fólst í að útvega Hagstofu Íslands viðbótarhúsnæði vegna aukinna verkefna sem koma til vegna EES-samningsins og rannsóknna á skuldastöðu heimila og fyrirtækja.

Verkefnisstjórar hjá FSR á verkefninu voru Jón H. Ásbjörnsson og Róbert Jónsson.



Biðstofa.

2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

FSR vann húsrýmisáætlun og húslýsingu og var því lokið í febrúar 2012.

Húsrýmisþörf stofnunarinnar var áætluð um 565 fermetrar.

Gerð var krafa um staðsetningu við Borgartún eða í næsta nágrenni og helst sem næst Borgartúni 21a þar sem Hagstofan er til húsa.



Kaffistofa.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Ríkiskaup auglýsti eftir húsnæði fyrir stofnunina í febrúar 2012.

Leigutilboð voru opnuð í mars 2012 og bárust fjögur tilboð. FSR yfirfór tilboðin ásamt starfsmönnum Hagstofunnar.

Í apríl 2012 var samþykkt að ganga til samninga við EE Development ehf. um leigu á 2. hæð hússins við Borgartún 24, 105 Reykjavík.



Skrifstofa.

4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamningsins í samvinnu við starfsfólk Hagstofunnar og fulltrúa leigusala.

Fjármálaráðuneytið hafði umsjón með gerð samningsins.

Samningurinn er á milli EE Development ehf. og Hagstofu Íslands. Hann var undirritaður í maí 2012 og staðfestur af efnahags- og viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Gildir samningurinn til 3 ára með möguleika á framlengingu, að þeim tíma liðnum, um 2 ár.

Húsnæðið er 520 fermetrar að stærð og var gert ráð fyrir að afhending húsnæðis yrði 1. júní 2012.



Eldhús og kaffistofa.

5 TENGILÍÐIR OG SAMSKIPTI

Til að annast samskipti milli leigusala og leigjanda, á framkvæmdatíma, voru tilnefndir Gunnar Fjalar Helgason, f.h. EE Development ehf. og fyrir hönd leigjanda var tilnefndur Róbert Jónsson, verkefnastjóri hjá FSR.

Haldnir voru alls níu fundir á verk tímanum sem skiptust í einn ræsisfund, fjóra hönnunarfundi og fjóra verkfundi þ.a. einn lokaúttektarfund.

6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Aðalhönnuður verkefnisins var Einar Tryggvason arkitekt frá Vortex.

Eftirlit með framkvæmdum annaðist Gunnar Fjalar Helgason fyrir hönd leigusala og fyrir hönd leigjanda annaðist eftirlit Róbert Jónsson, FSR.

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Nokkuð þurfti að breyta húsnæðinu til að koma til móts við þarfir Hagstofunnar í samræmi við húslýsingu. Gera þurfti breytingar á skipulagi hússins að hluta. Helstu endurbætur voru að flota gólf að hluta og leggja ný gólfefni, endurbæta raflagnir og tölvulagnir, koma fyrir nýju eldhúsi, endurbæta snyrtingar, skipta um nokkra glugga, rífa veggj og reisa nýja og fleira.

Verkfrámkvæmd hófst í mars og henni lauk í júní 2012.

Framkvæmd verkefnisins var í höndum starfsmanna EE Development ehf.

8 VERKLOK

Hagstofan tók við húsnæðinu 1. júní 2012.

9 STAÐFESTING SKILAGREINAR

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri